

Stundum lét hann fjórhita þessi ljóð og gaf vinum sínum, en seinna langaði hann til að kosta prentun á þeim, og það varð úr. Þau ljóð voru ekki til þess gerð að standa af sér strauma bókmennta-sögunnar, en þau voru vitnisburður um barnslegan hug og einleiga ást þessa gamla, góða iðnaðarmanns, til þernskustöðva sinna, jafnframt því að vera einskonar tákni kynslóðar sem nú er að hverfa.

Enok var heimilissvinur okkar hjónakornanna á efri árum sínum

og gaukaði þá jafnan einhverju smálegu að litilli dóttur okkar, þegar hann kom í heimsókn, kvaðst þá hafa rekist á einhverja álfkonu eða einhvern huldumann á leiðinni og verið beðinn fyrir þetta til lítillar stúlku. Margt handtakið gerði hann einnig fyrir okkur án endurgjalds, og munum við öll þrjú gevna minningu um góðan vin sem trúði meira á mátt kerleika og góðgi en ofsa og hörku. Síðustu árin var Enok á elliheimili á Akranesi, þar sem hann hafði þráð að verja ellidög-

um sínum. Blessunaróskir okkar fylgja honum yfir landamærin.  
Jón Óskar.

Foreldrar voru Helgi Jørgenson síðasti bóndi Elinarhöfða af Klingenbergssætt og Guðrður Guðmundsdóttir frá Ölvaldsstöð um Ingimundarsonar.

Þreyttur maður fær hvíld eftir langan starfsdag, kynni mín ar honum voru ekki löng, samt langar mig að senda honum kveðjuorð. Hann ólst upp í Elinarhöfða á

ættaróðali sínu og var síðasti ábúandi þar, fór þaðan 1914 en það byli sem hann var á hét Höfðavík. Hann byrjaði búskap í Höfn á Akranesi 1916 með unnustu sinni Guðrúnu S. Jónsdóttur, en þeirra sambúð varð stutt, hún lést í slysförum 14. jan 1917. Hana mun hann hafa tregað alla ævi.

Hann tók velstjóraþröf hér á Akranesi 1917 og um sinn var hann við þau störf en hóf síðan nán í rafvirkjun 1920 og vann svo við þau störf fyrst hér á Akranesi m.a. þegar Bjarni Ólafsson skip-

stjóri gaf rafmagn í kirkjuna hér, lagði Enok í hana, síðan flutti hann til Hafnarfjarðar og átti þar helma í áratugi, kvantist þar Sveinbjörgu Sveinbjörnsdóttur og átti með henni þrjú börn. En alltaf þráði hann askustöðvarnar og 1970 flutti hann aftur á Akranes, og lifði þar í minningu líónna starfa og gladdist innleiga yfir þegar hann var 1972 heilræður fyrir langt og gott starf að raflögnum.

Enok var tryggur maður, hann Framhald á bls. 21.



Eiginmaður minn, faðir, fösturfaðir og afi okkar.  
**RAGNAR BJARNASON,**  
trésmíðar,

Eikjuvogi 26,

verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju í dag miðvikudaginn 14. desember kl. 10.30. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vildu minnast finns látna er bent á Sýnkerfólag laumaðra og fataðra

Guðrún Guðjónsdóttir,

Guðrún Björg Ragnarsdóttir,

Kristín Lára Ragnarsdóttir,

Guðjón Þór Ragnarsson,

Áslaug Harðardóttir, og barnabörn.



**PÓRHALLUR ÞORKEIÐSSON,**  
húsgagnasmíðar,

verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju, föstudaginn 16. desember og hefist athöfnin kl. 15. kl. 3 síðdegis

Halldóra Ólafsdóttir,

Asbjörg Þórhallsdóttir,

Dóra Þórhallsdóttir, Heimir Steinsson.



Útflór systur minnar

**ÞÓREYJAR KOLBEINS,**  
Túnögutu 31,

fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 15. desember kl. 13.30. Þeir sem vilja minnast hinnar látnu er vinsamlega bent á Skálatúnsheimið.

Páll Kolbeins.



**JÓN BJARNASON,**  
Hlíðavagi 20, Kópavogi,  
fyrirverandi bóndi að Mosum á Söðu.

verður jarðsönginn frá Prestbakkakirkju laugardaginn 17. des. n.k. Athöfnin hefist kl. 13.30. Minningarathöfn verður í Fossvogskapelli föstudaginn 16. desember kl. 10.30

Börn, tengdabörn og barnabörn.



Minningarathöfn um konu mína, móður, fösturmóður og tengdamóður,

**JÓNINU BJÖRNSDÓTTUR,**  
Glaðheimum 18,

fer fram í Dómkirkjunni fimmtudaginn 15. þ.m. kl. 3 e.h. Jarðað verður að Munkaþverá föstudaginn 16. þ.m. kl. 13.30

Benjamín Kristjánsson,

Björn Ingvarsson,

Þóra Björk Kristinsdóttir,

Jósef H. Þorgeirsson,

Margrét Þorsteinsdóttir,

Jósef H. Þorgeirsson

## Bókafréttir

Ólafur R. Einarsson Einar Karl Haraldsson

# 9. nóvember

## 1932

baráttuárið mikla í miðri heimskreppunni.



## Gúttóslagurinn

Það er árið 1932. Kreppan leggur dauða hönd sína á atvinnulíf um land allt. Í Reykjavík er fimmti hver maður atvinnulaus. Það á að lækka kaupið um þriðjung. Verkamenn úr öllum flokkum sameinast. Það slær í blóðugan bardaga. Yfir 20 lögregluþjónar særast og eru óvígir. Verkamennirnir hafa Reykjavík á valdi sínu. Verkamannaupptöt? Byltingartilraun?

Þetta er 9. nóvember 1932. Þetta er Gúttóslagurinn.

**Örn & Örhygur**  
Vesturgötu 42 sími: 25722

# ÓGLEYMANLEGIR MENN

SVIPMYNDIR AF ÁTJÁN ÍSLENDINGUM



eftir Gylfa Gröndal hefur að geyma svipmyndir af 18 Íslendingum. Brugðið er upp myndum af ógleymanlegum mönnum úr öllum stéttum.

SETBERG

Gríli Gröndal

## ÓGLEYMANLEGIR MENN

SVIPMYNDIR AF ÁTJÁN ÍSLENDINGUM

